

7

8. febr.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Póllands.

Hinn 27. janúar 1954 var undirrituð í Reykjavík bókun um viðskipti milli Íslands og Póllands á árinu 1954 á grundvelli viðskiptasamnings milli Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949.

Samkvæmt bókun þessari er gert ráð fyrir að til ársloka 1954 verði heimilaðar sölur til Póllands á allt að 3000 tonnnum af frosinni sild, allt að 1000 tonnnum af saltaðri sild og allt að 2000 tonnnum af fiskimjöli.

Á móti er gert ráð fyrir að á sama tíma verði keypt frá Póllandi kol, vefnaðarvörur, sikoríurætur, postulíns- og glervörur, járnvörur o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

8

8. febr.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Vestur-Þýskalands.

Hinn 12. janúar 1954 var undirrituð í Bonn bókun um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Vestur-Þýskalands frá 12. desember 1950. Samkvæmt bókuninni var samningurinn framlengdur til 30. júní 1954.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á sama grundvelli og áður.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

9

9. febr.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og San Marino um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 17. desember og 23. desember 1953 var með erindum sendiherra Íslands og sendifulltrúa San Marino í París gert samkomulag milli Íslands og San Marino um afnám vegabréfsáritana.

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.